

AUGLÝSING

um aðalbrautir á þjóðvegum.

1. gr.

Eftirtaldir vegir skulu teljast aðalbrautir. Númer þjóðvegur er tilgreint samkvæmt vegáætlun.

1. Suðurlandsvegur (1) frá Reykjavík um Hvolsvöll að mörkum þéttbýlis þar.
2. Vesturlandsvegur (1) frá Reykjavík að Fossá innan Kiðafells í Kjós.
3. Eyrarbakkavegur (34) af Suðurlandsvegi (1) að Eyrarbakka. Á vegamótum við Suðurlandsveg nýtur sá vegur aðalbrautarréttar.
4. Þingvallavegur (36) af Vesturlandsvegi (1) að Köldukvísl. Á vegamótum við Vesturlandsveg nýtur sá vegur aðalbrautarréttar.
5. Hafnarfjarðarvegur (40). Á vegamótum við Reykjavíkurveg í Hafnarfirði nýtur sá vegur aðalbrautarréttar.
6. Reykjanesbraut (41) frá Reykjavík að mörkum Keflavíkur og af Hringbraut í Keflavík að Sandgerði. Á vegamótum við Hafnarfjarðarveg (40) og við Garðskagaveg (45) njóta þeir vegir aðalbrautarréttar.
7. Grindavíkurvegur (43). Á vegamótum við Reykjanesbraut (41) nýtur sá vegur aðalbrautarréttar.
8. Hafnavegur (44) af Reykjanesbraut (1) að vegamótum við veg á Keflavíkurflugvöll. Á vegamótum við Reykjanesbraut og við flugvallarveg njóta þeir vegir aðalbrautarréttar.
9. Garðskagavegur (45) af Reykjanesbraut (41) að Sandgerði. Á vegamótum við Skagabraut í Garði nýtur sá vegur aðalbrautarréttar.
10. Bessastaðavegur (415) af Hafnarfjarðarvegi (40) að vegamótum við Álftanesveg (416). Á vegamótum við Hafnarfjarðarveg og Reykjavíkurveg í Hafnarfirði njóta þeir vegir aðalbrautarréttar og á vegamótum við Álftanesveg nýtur Álftanesvegur úr norðri aðalbrautarréttar.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi ákvæði um aðalbrautir í auglýsingum nr. 124 15. júlí 1960, 155 9. nóvember 1961, 172 5. júní 1968, 252 16. ágúst 1973, 363 1. ágúst 1975 og 610 18. september 1981 (1. töluliður), svo og auglýsing nr. 9 5. janúar 1966.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til Reykjanesbraut (41) milli Breiðhóltsbrautar í Reykjavík og Vífilsstaðavegar (412) verður opnuð fyrir almenna umferð telst Reykjanesbraut aðalbraut frá vegamótum við Vífilsstaðaveg að þeim meðtöldum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 21. maí 1986.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.